

Alþingi,
Nefndasvið,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 9. júní 2015
2015060001

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun klasastefnu, 415. mál

Þingsályktunartillagan var send Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 3. júní 2015.

Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni þingsályktunartillögunnar. Samtökin styðja tillöguna og leggja til að hún verði samþykkt. Það er jákvætt að stjórnvöld nýti sér kosti klasahugmyndafræðinnar til að efla og styrkja stoðkerfi atvinnulífsins og efla nýsköpun. Mörg dæmi, bæði hér heima og erlendis, eru um góðan árangur af klasasamstarfi og má nefna Sjávarklasann sem dæmi.

Bændasamtökin vilja þó leggja áherslu á að stefnumótun sem þessi sé samræmd annari stefnumótun stjórnvalda á sama sviði, þ.e. áætlun Vísinda- og tækniráðs eins og fram kemur í tillögunni, en einnig byggðaáætlun, sóknaráætlunum landshluta og öðrum þeim áherslum sem taka til þeirra verkefna sem tillagan fjallar um. Þá leggja Bændasamtökin áherslu á að hugað verði að fjármögnun þeirra verkefna sem lagt er til að ráðist verði í.

Virðingarfyllt,
f.h. Bændasamtaka Íslands,
Elías Blöndal Guðjónsson